

in veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.

11. gr.

Við fyrri málslið 2. mgr. 37. gr. laganna bætist: á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

Davíð Oddsson.

## LÖG

### um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Á eftir 47. gr. laganna kemur ný grein, 47. gr. a, svohljóðandi:  
Ökumanni vélknúins ökutækis er við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar.  
Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um notkun annars fjarskiptabúnaðar og svipaðs búnaðar við akstur.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Notkun farsíma og annars fjarskiptabúnaðar.**

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 2001. Eigi skal refsa fyrir brot gegn 1. gr. fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

Davíð Oddsson.